



Alþingi - skrifstofa
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. 03 2002
R020057/115
HPG/ev

Efni: Umsögn Rannsóknarráðs Íslands um frumvörp til laga um
-Vísinda- og tækniráð, nr. 539
-opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 549
-opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 553

I. Frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð, nr. 539

Rannsóknarráð Íslands hefur fengið til umsagnar frumvörp um Vísinda- og tækniráð (nr. 539), opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 549) og opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins (nr. 553). Rannsóknarráð telur frumvörpin vera líkleg til að auka vægi málaflokksins. Framkvæmd væntanlegra laga ræður þó mestu um hvernig til tekst, þar sem frumvörpin þrjú mynda eins konar sveigjanleg rammalög.

Rannsóknarráð fagnar frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð sem endurspeglar mikilvægi vísindarannsókna og tækniþróunar í nútíma-þjóðfélagi og færir umfjöllun um rannsóknir og þróun á æðsta stjórnsýslustig.

Mikilvægi Vísinda- og tækniráðs felst í því að almenn stefnumótun í málefnum vísindarannsókna og tækniþróunar mun fara fram í ráði þar sem ráðherrar, vísindamenn og fulltrúar atvinnulífs koma saman, en oft hafa boðleiðir milli þessara aðila verið óþarflega langar. Hér verður því til langþráð tækifæri til markvissrar stefnumótunar og aðgerða sem hefur verið ábótavant vegna skiptingar málaflokksins á mörg ráðuneyti. Vísinda- og tækniráð getur því orðið öflugur vettvangur til að leysa samræmingar- og skipulagsvanda sem slík skipting hefur valdið.

Ráðið mun verða í óvæfengjanlegri aðstöðu til að marka stefnu um hlutverk ríkisins í málefnum rannsókna og þróunar á Íslandi og framlag ríkissjóðs til fjármögnunar þeirra. Samkeppnissjóðir á borð við núverandi sjóði í vörslu Rannsóknarráðs skipta miklu máli sem vogarafl í fjármögnun rannsókna hér á landi, ekki síst vegna vandaðrar faglegrar umfjöllunar og umsóknarferlis sem nýtur víðtæks trausts þeirra sem sækja um styrki. Rannsóknarráð Íslands leggur áherslu á að þetta traust haldist.

Varðandi frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð skiptir höfuðmáli að sátt ríki um skipan ráðsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að alls 28 menn séu tilnefndir af níu aðilum. Af þeim skipar forsætisráðherra 14 aðalmenn og jafnmarga til vara í ráðið. Sex fagraðherrar tilnefna hver sinn aðalmann og jafnmarga til vara, aðilar vinnumarkaðar 4 aðalmenn og jafnmarga til

vara og samstarfsnefnd háskólastigsins 4 aðalmenn og jafnmarga til vara. Rannsóknarráð leggur ríka áherslu á að hinir 14 fulltrúar sem forsætisráðherra skipar eftir tilnefningu endurspegli íslenskt rannsóknasamfélag. Þar þarf að ríkja jafnvægi milli vísinda og tækni, grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, hugvísinda og raunvísinda.

Í því skyni verður að leita jafnvægis milli fjölda fulltrúa háskólastigs, rannsóknastofnana atvinnuveganna og annarra rannsóknastofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis og fulltrúa atvinnulífs. Þannig verði að jafnaði þriðjungur fulltrúa frá hverjum þessara hópa.

Frumvarpið nær því aðeins þeim tilgangi að vera vettvangur samráðs og stefnumótunar ráðherra, vísindamanna og fulltrúa atvinnulífs að þeir sem tilnefndir verða hafi víðtæka reynslu og þekkingu af vísindarannsóknum og tækniþróun.

Rannsóknarráð Íslands leggur til að þeir sem skipaðir verða samkvæmt 3. gr. skuli hafa víðtæka reynslu af rannsókna- og þróunarstarfi. Þetta verði tekið skýrt fram í lagatexta eða reglugerð sem kveður nánar á um Vísinda- og tækniráð skv. 5. gr. frumvarpsins, eftir því sem við á.

Rannsóknarráð leggur áherslu á að tryggt verði að ekki myndist gjá milli grunnrannsókna, hagnýtra rannsókna og þróunarstarfs í starfi þeirra nefnda sem settar verða á stofn samkvæmt 4. gr. frumvarpsins.

Í því skyni væri til bóta að formenn Vísinda og Tækninefnda sætu fundi beggja nefnda og það tryggt að nefndirnar starfi saman eftir þörfum.

Rannsóknarráð telur eðlilegt að lög þessi komi til endurskoðunar að þremur árum liðnum frá gildistöku þeirra, meðal annars með það að leiðarljósi að fella umfjöllun um rannsóknir og þróun í eina lagaheild og samræma hana.

II. Frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 549

Frumvarp um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er í samræmi við frumvarp um Vísinda- og tækniráð sem gerir ráð fyrir að málefni rannsókna heyri undir menntamálaráðuneytið en málefni tækniþróunar undir iðnaðarráðuneytið. Hugtakið vísindarannsóknir, einnig nefnt rannsóknir í frumvörpunum, felur bæði í sér grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir, hvort sem rannsóknirnar eru unnar í akademískum tilgangi eða í þágu atvinnulífsins. Rannsóknarráð Íslands telur því eðlilegt að menntamálaráðuneytið fari sem fyrr með málefni vísindarannsókna í heild sinni, þótt vissulega séu rannsóknir í þágu atvinnuvega, heilbrigðiskerfis og umhverfis mikilvægir þættir í starfi annarra ráðuneyta. Málefni tækniþróunar og nýsköpunar í þágu atvinnulífsins falla hins vegar eðlilega undir iðnaðarráðuneyti.

Núverandi Rannsóknarráði verður samkvæmt frumvarpi þessu falið að undirbúa tillögur að úthlutunarreglum fyrir hinn nýja Rannsóknasjóð, sem tekur við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs. Þetta undirstrikar tilgang Rannsóknasjóðs að styrkja bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á grundvelli ítarlegs faglegs mats.

Rannsóknarráð leggur til að úthlutunarreglur Rannsóknasjóðs skuli samþykktar af Vísindanefnd til að sami aðili semji ekki úthlutunarreglur og framfylgi þeim án samráðs við þá sem tilnefna í stjórn sjóðsins.

Stuðningur við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins fellur undir hinn nýja Tækniþróunarsjóð, sem getur eftir atvikum einnig styrkt rannsóknir sem þeim tengjast. Fellur stuðningur við slíkar rannsóknir ekki endilega undir kröfur Rannsóknasjóðs um vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða eða líkur á skráningu einkaleyfis eða hugverkaréttinda. Með þessu er haldið opinni leið til að styrkja verkefni sem stuðla að nýnæmi í íslensku atvinnulífi án þess að skilyrði fyrir styrkveitingu sé nýnæmi á alþjóðlegan mælikvarða. Jafnframt er kröfum um faglegt mat og gæði verkefna sem Rannsóknasjóður styrkir haldið einföldum og skýrum.

Rannsóknarráð gerir ekki athugasemdir við þennan megintilgang frumvarpsins en ítrekar tilgang Rannsóknasjóðs að styrkja bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á grundvelli ítarlegs faglegs mats.

Varðandi Þjónustumiðstöð vísindarannsóknna leggur Rannsóknarráð til að við verksvið hennar sem talin eru upp í 10. gr. bætist umsýsla fyrir Tækniþróunarsjóð. Auk þess haldi hún utan um og fari með þjónustu vegna þátttöku Íslands í hinu alþjóðlega samstarfi og styrkjakerfi vísinda og tækni, þar með talið þátttöku í rammaáætlunum ESB, norrænu rannsóknasamstarfi, samstarfi við Bandaríkin og Kanada o.fl.

Í ljósi þessa er nauðsynlegt að huga að nýju nafni fyrir þjónustumiðstöðina, til dæmis Rannsóknamiðstöð Íslands (The Icelandic Center for Science and Technology) eða Vísinda- og Tæknimiðstöð Íslands (Office of Science and Technology).

Ákvæði til bráðabirgða varðandi gildistöku laga þessara og lagaskil við lög nr. 61 frá 1994 um Rannsóknarráð Íslands eru í ósamræmi. Gert er ráð fyrir framlengingu á umboði Rannsóknarráðs til 1. september, en starfsemi ráðsins mun lamast við gildistöku laganna eftir birtingu þeirra ef loka þarf skrifstofu þess þegar starfsmenn fara á biðlaun við gildistöku samkvæmt 12. gr. frumvarpsins.

III. Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 553.

Rannsóknarráð Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins auk almennra athugasemda að

framan:

Rannsóknarráð Íslands telur 2. og 3. gr. laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins eiga heima í lögum um Iðntæknistofnun Íslands og leggur til að breyting í þá veru verði gerð eigi síðar en við endurskoðun laganna.

Rannsóknarráð leggur til í umsögn sinni um frumvarp til laga um Vísinda - og tækniráð (nr. 539) að slík endurskoðun fari fram að þremur árum liðnum frá gildistöku laganna.

Rannsóknarráð leggur til að Þjónustumiðstöð vísindarannsókna verði falið að hafa umsýslu fyrir Tækniþróunarsjóð, enda breytist nafn hennar í samræmi við víðara hlutverk.


Þessi tillaga er í samræmi við 4. gr. frumvarpsins sem segir að iðnaðarráðherra geti gert þjónustusamning við óháðan aðila um daglega umsýslu og rekstur sjóðsins. Þessi tilhögun gæti unnið gegn því að gjá myndist milli grunnrannsókna, hagnýtra rannsókna og þróunarstarfs. Tillagan er einnig í samræmi við 10. gr. frumvarps til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem fjallar um þjónustumiðstöðina.

Rannsóknarráð leggur til að úthlutunarreglur Tækniþróunarsjóðs skuli samþykktar af Tækninefnd til að sami aðili semji ekki úthlutunarreglur og framfylgi þeim án samráðs við þá sem tilnefna í stjórn sjóðsins.

Rannsóknarráð óttast að Tækniþróunarsjóður geti illa sinnt hlutverki sínu vegna skorts á fyrirheitum um fjárframlög til sjóðsins.

Undirritaður er fús að skýra afstöðu Rannsóknarráðs til frumvarpanna á fundum nefndanna ef þurfa þykir.

Virðingarfyllst
f.h. Rannsóknarráðs Íslands



Hafliði P. Gíslason, formaður

Afrit:
Forsætisráðuneyti
Menntamálaráðuneyti
Iðnaðarráðuneyti